

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 346. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. júní 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 2) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 3) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- 4) Tilnefning í íþrótt- og æskulýðsnefnd Snæfellsbæjar. Frestað frá síðasta fundi.
- 5) Fundargerð menningarnefndar, dags. 5. maí 2021.
- 6) Fundargerð 92. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 3. maí 2021.
- 7) Fundargerð 149. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 31. maí 2021.
- 8) Fundargerð 117. fundar stjórnar FSS, dags. 26. apríl 2021.
- 9) Fundargerð 191. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. apríl 2021.
- 10) Fundargerð aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 20. maí 2021.
- 11) Fundargerð 898. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. maí 2021.
- 12) Fundargerð 434. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 30. apríl 2021.
- 13) Fundargerð 63. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 26. apríl 2021.
- 14) Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 18. maí 2021, varðandi deiliskipulagsbreytingu í Brekkunni í Ólafsvík.
- 15) Bréf frá Ástu Pálsdóttur, dags. 14. maí 2021, varðandi hugmynd að Sáinu í Ólafsvík.
- 16) Bréf frá öldungaráði, dags. 1. júní 2021, varðandi íbúðamál eldri borgara í Snæfellsbæ.
- 17) Bréf frá öldungaráði, dags. 1. júní 2021, varðandi hreinsun lóða eldri borgara og öryrkja.
- 18) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 21. maí 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Sker Restaurant um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingahús, sem rekið verður að Grundarbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 19) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 7. maí 2021, varðandi gjaldskrár vatnsveitna.
- 20) Bréf frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, ódags., varðandi úrskurð vegna Fjářborgar 10d.
- 21) Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu, dags. 20. maí 2021, varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2021.
- 22) Minnisblað vegna sameiningar Kjósarhrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, dags. 26. maí 2021.
- 23) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 28. maí 2021, varðandi umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004.
- 24) Bréf frá stjórn Félags atvinnurekanda, dags. 1. júní 2021, varðandi ályktun vegna fasteignamats 2022.
- 25) Bréf frá Skógræktinni, dags. 10. maí 2021, varðandi Bonn áskorunina um útbreiðslu skóga.
- 26) Bréf frá Smatökum grænkerana á Íslandi, dags. 11. maí 2021, varðandi framboð grænkerafæðis í leik- og grunnskólum.
- 27) Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu, dags. 12. maí 2021, varðandi aukinn stuðning við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna Covid 19.
- 28) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 29) Minnispunktur bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. júní 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Menningarnefnd Snæfellsbæjar
200. fundur
Miðvikudagurinn 5.maí 2021 kl. 17:00 – 18:00, Átthagastofa

Fundinn sátu: *Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ásmundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.*

Fundargerð ritaði *Rut Ragnarsdóttir.*

Styrkur Lista- og menningarnefndar

Menningarnefnd ákveður að breyta fyrirkomulagi á vali Snæfellsbæing ársins í styrk til Lista- og menningaverkefna sem tengjast Snæfellsbæ. Reglur og fyrirkomulag verða ræddar frekar á næsta fundi.

Örstyrkir sumarið 2021

Menningarnefnd ákveður að auglýsa fjóra örstyrki hver upp á kr. 40.000,- til menningar- og lista verkefna í Snæfellsbæ fyrir sumarið 2021.

Ljósmyndasamkeppni

Ákveðið að ræða við markaðs- og upplýsingafulltrúa með að efna til ljósmyndasamkeppni árið 2021

Safn á vesturlandi

Ragnheiður fer fyrir hönd menningarnefndar í verkefnahóp er varðar söfn á Vesturlandi. Hún kynnti verkefnið fyrir nefndinni og sagði frá áhugaverðum breytingum á sýningu í Norska húsinu.

Fundi slitið

Fundur var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar mánudaginn 03. maí 2021 kl: 20:00

Á fundinn mættu:

Laufey Helga Árnadóttir
Atli Már Gunnarsson
Daði Rúnar Einarsson
Brynja Mjöll Ólafsdóttir
Adam Geir Gústafsson
Monika Cecylia Kapanke

Fundargerð ungmennaráðs:

Farið yfir fundargerð ungmennaráðs sem var að lokum samþykkt.

Málefni félagsmiðstöðvar:

Farið yfir undanfarna og komandi dagskrá félagsmiðstöðvarinnar. Nýtt húsnæði kemur vel út og allir ánægðir með það. Viljum þó reyna að fá allt húsnæðið undir félagsmiðstöðina þar sem hún mætti vera aðeins stærri.

Tilkynnt að Lions ætli að gefa félagsmiðstöðinni Playstation 5 leikjatölvu.

Bréf frá félagsmálaráðuneyti:

Bréfið fjallar um verkefni um stuðning til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna í viðkvæmri stöðu á tímum COVID-19. Mjög gott framtak en viljum fá frekari skýringar á verkefninu þar sem okkur finnst það ekki nógu skýrt, munum senda fyrirspurn á næstu dögum.

Staðsetning frísbíggólfvalla:

Laufey og Atli hittu aðilann sem selur og setur upp frísbíggólfvöllina og eftir göngutúr um aðal svæðin sem komu til greina vill hann hafa einn völlinn í skóginum fyrir ofan tjaldsvæðið í Ólafsvík og einn í skógræktarsvæðinu í Tröð á Hellissandi. Stefna á að völlirnir verðir tilbúnir snemma í sumar.

Önnur mál:

Verð á körfuboltavelli athugað. Mögulega er hægt að hafa samband við fræðslunefnd og/eða skólann til gera þetta saman.

Búið er að skrifa undir samning við Samtökin 78 um að vera með fræðslu fyrir bæði starfsmenn og nemendur grunnskóla. Fræðslan mun hefjast strax í haust.

Fundi slitið kl: 21:00

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 149149. fundur
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, mánudaginn 31. maí 2021
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Valgerður Hlín Krstmannsdótti, Kristinn Jónasson og Stefán Jónsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. **Fossabrekka 5 - Umsókn um byggingarlóð - 2105020**

Stefán Þór Svansson sækir um að fá lóð að Fossabrekku 5 úthlutaða. Áætlað er að byggja þar 240-260 fm einbýlishús úr timbri. Óskað er eftir því að fá að snúa húsinu meira í austur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

2. **Gíslabær_ASK - Breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum - 2006008**

Á kynningarfundum þann 03.05.2021 komu fram ýmsar ábendingar vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar á Hellnum og deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar að Gíslabæ. Eftir fundinn bárust tvö erindi með ábendingum og athugasemdum og eru þær lagðar fram á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar ásamt tillögu að lagfæringu á texta í greinargerð vegna fram kominna athugasemda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lagfæringar á texta í greinargerð vegna fram kominna athugasemda.

Nefndin samþykkir fram lagða tillögu að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 að Hellnum og verði óskað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa hana.

Einnig var tilkynning Hildigunnar Haraldsdóttur kynnt þar sem hún segir sig frá vinnu við deiliskipulag fyrir landeigendur að Gíslabæ til að koma til móts við athugasemdir.

Samþykkt

3. **ASK_Óveruleg breyting aðalskipulags á Hellissandi - 2105025**

Kynnt er tillaga að óverulegri breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, Hellissandi, þar sem svæði M-1 er minnkað og svæði ÍB-4 er stækkað.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

777
Hic
Bmi
M. 4

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

4. DSK_Nýtt deiliskipulag á Hellissandi - 2105026

Lýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags raðhúsa á Hellissandi kynnt. Frumdrög deiliskipulags lögð fram til forkynningar en tillaga verður tekin fyrir síðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að kynna lýsinguna með 2ja vikna athugasemdafresti, senda hana til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.

Samþykkt

5. Brautarholt 5 - Ný klæðning, pallur og skjólveggur - 2105019

Tinna Ýr Gunnarsdóttir sækir um leyfi til að klæða íbúðarhús sitt að Brautarholti 5 með bárujárni. Ekki er sótt um að klæða bílskúr. Einnig er sótt um að stækka pall að framanverðu og lækka hann niður í sömu hæð og neðri hæð hússins er í. Þá er fyrirhugað að girða 180 cm skjólgirðingu í suðausturhluta framlóðarinnar. Sjá meðfylgjandi mynd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en hafa skal samráð við tæknideild með hæð skjólveggjar.

Samþykkt

6. Laufás 4_Umsókn um breytingar utanhúss - 2105022

Jolanta Janewicz sækir um leyfi til þess að klæða hús sitt að Laufási 4 með standandi timburklæðningu, fækka gluggum og skipta öðrum gluggum út fyrir plastglugga. Einnig er fyrirhugað að stækka einn glugga. Veröndin verður endurnýjuð og gífs sett utan á bílskúrinn. Á austurgafli er sótt um að setja upp opið skýli (140x250 cm) við útidyrhurð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir fullnægjandi gögnum.

Jákvætt

7. Útnesvegur_Umsókn um leyfi fyrir skilti - 2105024

Sylvaine Anton-Scharapenko sækir um leyfi fyrir upplýsingaskilti á mótum Útnesvegar og Klettsbúðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar.

Samþykkt

8. Geirakot 1_Umsókn um leyfi til að skipta um klæðningu, glugga og hurðar - 2105027

Gisli Bjarnason sækir um leyfi til þess að klæða hús sitt að Geirakot 1 með liggjandi smábáru og standandi timburklæðningu að hluta. Skipta á um alla glugga og hurðir í húsinu á samt því að fækka gluggum í sólstofu.

Magnús vikur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Magnús kemur aftur inn á fund.

Samþykkt

717
MK

9

2

BW

M. E

9

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

9. Miðhús_Umsókn um leyfi til niðurrifs á mhl. 03 og 04 - 2105023

Jón Guðmundsson sækir fyrir hönd eiganda Miðhúsa um leyfi til þess að rífa ónýt fjárhús (mhl. 04) og fjós (mhl. 03). Hús eru ónýt og hættuleg. Aðalbyggingarefni eru steinsteypa og timbur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti en bendir á að nauðsynlegt er að samþykki allra meðeigenda liggja fyrir.

Samþykkt

10. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004

- Niðurstaða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála rædd

- Vinna Telnets á Hellissandi rædd

- Staða byggingar að Fellaslóð 3 á Arnarstapa rædd

- Sláttur við Höskuldsá ræddur

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Floki Þorlacur

Brynja Björg Ólafsdóttir

Magnus Erlendur

Þorgerður

Hallgrímur Þ. Þorlacur

Guðrun Þorlacur

117. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður: Fjarfundur um Teams
Dagsetning: 26.04. 2021
Fundartími: Kl. 13.30
Mættir: Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.
Gestir fundarins, frá HLH ráðgjöf, þeir Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson

Dagskrá: **Meðferð máls**

1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir
2. **Úthlutunarreglur vegna þjónustuíbúðakjarna FSS að Ólafsbraut 62 - 64**

kynning – umræða – niðurstaða

Forstöðumaður lagði fram og kynnti endurskoðuð drög að úthlutunarreglum vegna þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 62 – 64, ennfremur tillögur að auglýsingu og umsóknareyðublaði.

Þá gerði hann grein fyrir því álitni lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga á tilgreindum skilyrðum umsóknar sem fram koma í auglýsingu og úthlutunarreglum, að hann gerir engar athugasemdir við þau.

Forstöðumanni, Björgu og Jakobi falin breyting orðalags 4. og 5. greinar úthlutunarreglnanna. Drög að auglýsingu og umsóknareyðublaði ásamt lítills háttar breytingu samþykkt samhljóða.

Stjórnarmenn minntu þó á að mikilvægt sér að þjónustu- og kostnaðaráætlun liggja fyrir, upphæð húsaleigu og fleira þegar auglýst verður. Rætt undir næsta lið.

Forstöðumaður skýrði mikilvægi birtingu auglýsingar fyrr en seinna, s.s. vegna tímaáss annars undirbúnings.

Sagði hann verktaka telja líklegt að hann geti afhent verkið á umsömdum tíma, í lok ágúst eða byrjun september n.k.

3. **HLH ráðgjöf**

kynning – umræða – niðurstaða

Haraldur og Arnar frá HLH ráðgjöf gerðu grein fyrir forsendum og smíði mönnunarlíkans og rekstursáætlunar þjónustuíbúðakjarnans, annars vegar fyrir síðustu mánuði þessa árs og hins



FÉLAGS- OG SKÓLAFJÓNUSTA SNÆFELLINGA

vegar ársáætlun 2022; ennfremur regluverk er lýtur að útreikningum húsaleigu og uppsetningu húsaleigusamninga og hlutdeildarskyldu íbúa gagnvart rekstri sameignar. Forsendur mönnunarlíkans kynntar og ræddar hugmyndir og útfærslur þ.a.l., m.a. um mögulega samlegðarkosti með rekstri Smiðjunnar. Til áframhaldandi vinnslu og umræðu síðar.

4. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



191. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. apríl 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Karl Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 13:00.

Landvarsla á Breiðafirði 2021

Afgreiðsla:

Hugmyndir nefndarmanna ræddar. Ritara falið að taka saman bréf með hugmyndum nefndarinnar og senda til Umhverfisstofnunar.

Fjármál 2021

Drög að áætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Skilti við Súgandisey

Skilti Breiðafjarðarnefndar við Súgandisey er orðið illa farið.

Afgreiðsla:

Samþykkt að endurprenta skilti við Súgandisey.

Vettvangsferð

Afgreiðsla:

Stefnt að vettvangsferð í Flatey þann 28. júní.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:15

Næsti fundur áætlaður 18. maí.



Aukaaðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
haldinn 20. maí 2021, kl 14.00. Fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu:

Frá Heilbrigðisnefnd: Karitas Jónsdóttir Akranes, Auður Kjartansdóttir Snæfellsbæ, Steinunn I. Magnúsdóttir Stykkishólmi, Silja Steingrímsdóttir Borgarbyggð og Ragnhildur Sigurðardóttir f.h náttúruverndarnefnda.

Fh. eigenda: Árni Hjörleifsson Skorradalshreppi, Björg Ágústsdóttir Grundarfirði, Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmi, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Linda Björk Pálsdóttir Hvalfjarðarsveit, Sævar Freyr Þráinsson Akranes, Skúli Guðbjörnsson Dalabyggð, Kristján Sturluson Dalabyggð og Þórdís Sigurðardóttir Borgarbyggð.

Gestir: Páll Snævar Brynjarsson SSV

Þorsteinn Narfason ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Ofangreind samþykkt var lögð fram með breytingu Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Heilbrigðisnefnd fjallaði um málið á síðasta fundi og eftirfarandi var bókað: Heilbrigðisnefnd samþykkir framlagða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og vísar henni til eigendafundar og Kjósarhrepps til afgreiðslu.

Aukaaðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samþykkir framlagða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands með áorðnum breytingum fyrir sitt leyti. Samþykktin felur í sér að Kjósarhreppur verður hluti af starfssvæði HEV. Samþykktinni er vísað til afgreiðslu til sveitarstjórna á Vesturlandi.

2. Staða eftirlits og starfsleyfisútgáfu – Ráðning sumarafleysingarmanns

Tillaga að breytingu á fjárhagsáætlun ársins 2021 verður lögð fram, Gert ráð fyrir ráðningu heilbrigðisfulltrúa í þrjá mánuði í júní til ágúst.

Aukaaðalfundur samþykkir að ráða heilbrigðisfulltrúa í allt að 3 mánuði í sumar og veitir auknar fjárheimildir kr. 3,4 milljónir sem gert er ráð fyrir að greiðist af eftirlitsgjöldum.

3. Önnur mál.

- a. Lagt er til að samstarfskostnaður sveitarfélagana á Vesturlandi verði innheimtur í þremur jöfnum greiðslum í júní, í september og í nóvember.
Samþykkt.
- b. Aukaaðalfundur hvetur heilbrigðisnefnd til að rýna gjaldskrá í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 15.06

Fundargerð 898. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 28. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kristján Þór Magnússon, og Ásgerður Kristín Gylfadóttir. Haraldur Sverrisson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson og Guðmundur Baldvin Guðmundsson tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Guðmundur Baldvin Guðmundsson, mætti í hans stað. Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Eypór Laxdal Arnalds boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 897. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 897. fundar stjórnar sambandsins frá 30. apríl 2021.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 64. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 26. apríl 2021.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 2009595SA

Lögð fram fundargerð 25. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 6. maí 2021.

Stjórnin telur mikilvægt að kjaramálanefnd sambandsins fundi reglulega með samninganefnd sambandsins í aðdraganda og á meðan kjaraviðræður standa yfir.

4. Fundargerð XXXVI. landsþings sambandsins - 2101027SA

Lögð fram fundargerð XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. maí 2021.

Stjórn sambandsins hvetur sveitarfélög til að taka skýrslu Framtíðarseturs Íslands, sem var kynnt á landsþinginu 21. maí 2021, til umræðu í sveitarstjórn og undirbúa sig þannig fyrir landsþing 2022.

5. Breytingar á samþykktum sambandsins - 2009578SA

Lagðar fram breytingar á samþykktum sambandsins, dags. 25. maí 2021, sem samþykktar voru á XXXVI. landsþingi sambandsins sem haldið var 25. maí 2021.

Stjórnin þakkar starfshópi um endurskoðun samþykktu sambandsins fyrir vel unnin störf.

6. Stefna um stafræna þjónustu hins opinbera - 2105023SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 25. maí 2021, um stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera, ásamt stefnunni.

Stjórnin samþykkir að Samband íslenskra sveitarfélaga verði formlegur aðili að stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:25.

7. Leiðbeiningar um vatnsgjald - 2011031SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 25. maí 2021, um leiðbeiningar um vatnsgjald. Sigurður Ármann Snævarr gerði grein fyrir málinu.

8. Launaþróun sveitarfélaga - 2103040SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. maí 2021, um launaþróun sveitarfélaga.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna minnisblaðið fyrir sveitarfélögum.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 13:55.

9. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 19. maí 2021, þar sem óskað er eftir samþykki stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á breytingum á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn sambandsins samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti endurskoðaðar samþykktir Brúar lífeyrissjóðs.

10. Tilnefning í stýrihóp um könnun á framkvæmd aðgerða vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018-2029 - 2104045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 4. maí 2021, þar sem Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er tilnefndur í stýrihóp um könnun á framkvæmd aðgerða vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018-2029.

11. Tilnefning í nefnd um skráningu atvinnusjúkdóma - 2104018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. maí 2021, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í nefnd félags- og barnamálaráðherra um skráningu atvinnusjúkdóma, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

12. Tilnefning í Ferðamálaráð 2021-2024 - 2104004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 17. maí 2021, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar, og Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, og yfirmaður Markaðsstofu Vesturlands, eru tilnefnd í Ferðamálaráð 2021-2024.

13. Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana - 2104024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 28. apríl 2021, um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál.

- 14. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign - lágmarkstryggingavernd o.fl. - 2104049SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.), 700. mál.
- 15. Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla - fagráð eineltismála - 2104051SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2021, um frumvarp til laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og framhaldsskóla, nr. 92/2008 (fagráð eineltismála), 716. mál.
- 16. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag - 2104040SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017 (tímabundnir gestaflutningar og vanræksluálag), 690. mál.
- 17. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald - 2104038SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál.
- 18. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í langslagi og náttúru Íslands - 2104033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. maí 2021, um frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.
- 19. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum - barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl. - 2104058SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 7. maí 2021, um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), 731. mál.
- 20. Umsögn um Grænbók um net- og upplýsingaöryggi - 2104053SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. maí 2021, um Grænbók um net- og upplýsingaöryggi, mál nr. S-102/2021.

21. Ábendingar varðandi vinnuskjal umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis - 2101078SA

Lagðar fram til kynningar ábendingar sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. maí 2021, varðandi vinnuskjal umhverfis- og samgöngunefndar, 378. mál.

22. Umsögn um drög að aðgerðaráætlun fyrir bráðapjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025 - 2105015SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. maí 2021, um drög að aðgerðaráætlun fyrir bráðapjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025, mál nr. S-110/2021.

Fundi var slitið kl. 14:10.

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 434. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 30. apríl kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 433. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 433. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. mars 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Rætt um hafnasambandsfund sem fyrirhugað er að halda 20. maí 2021.

Stjórn samþykkir að fresta þinginu til 3. september til að tryggja að hægt verði að halda staðfund.

3. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórna - eftirlit Fiskistofu o.fl. - 2104001HA

Lagt fram erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 704. mál. Einnig lögð fram umsögn hafnasambandsins um málið.

4. Sumarstarf við verkefni tengd rekstri og gagnavinnslu á sviði sveitarfélaga - 2104002HA

Formaður gerði grein fyrir því að búið væri að ráða Sesselíu Dan Róbertsdóttur í tímabundið sumarstarf til að greina fjárhagsstöðu íslenskra hafna og framkvæmdaþörf þeirra.

5. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2020 - 2103004HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2020 áritaður af reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með rafrænni undirritun stjórnarmanna.

6. Verkefnakort hafnasambandsins 2019 - 2102003HA

Lagt fram að nýju uppfært verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021.

Stjórn samþykkir uppfært verkefnakort fyrir Hafnasamband Íslands.

Magnús Þór Ásmundsson kom inn á fund kl. 11:20.

7. Leyfi til umskipunar olíu - 2104004HA

Lagður fram tölvupóstur frá Birgittu Rúnarsdóttur, verkefnastjóra Fjarðabyggðarhafnar, dags. 26. apríl 2021, um leyfi til umskipunar olú, ásamt fylgiskjöllum.

Hafnasambandið gerir athugasemdir við gildandi reglugerð og gerir kröfu um að henni verði breytt þannig að skylt verði að leita álits og umsagnar hjá viðkomandi hafnaryfirvöldum varðandi óskir um umskipun á olú í fjörðum og innan hafnarsvæða.

8. Skipulag hafna - 2104005HA

Lagður fram til kynningar og umræðu tölvupóstur Majid Eskafi hjá Háskóla Íslands - Umhverfis- og Byggingarverkfræðideild, dags. 22. mars 2021, Post-Doctoral Project Funds, ásamt fylgiskjali.

Formanni falið að skoða ræða málið við Majid Eskafi og taka málið upp á næsta stjórnarfund.

Fundi var slitið kl. 11:45

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 63.. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2021, mánudaginn 26. apríl kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir og Njáll Ragnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson og Þorgeir Pálsson boðuðu forföll.

Baldur Smári Einarsson mætti ekki á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

lagðar fram verkefnatillögur frá KPMG annars vegar, og Deloitte hins vegar um greiningu á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi.

Samþykkt að ganga að tilboði KPMG.

Formanni og starfsmanni falið að ganga frá samningi við KPMG.

2. Fiskeldissjóður og úthlutanir - 2104002SU

Formaður greinir frá fundi með nýskipaðri stjórn Fiskeldissjóðs um úthlutanir sjóðsins.

Formaður greindi frá fundi með meirihluta stjórnar Fiskeldissjóðs. Unnið er að drögum að reglugerð vegna úthlutana sjóðsins. Áherslur formanns eru að regluverkið sé einfalt ásamt umsóknarferli. Einnig var almenn umfjöllun um hlutverk sjóðsins þar sem verið væri að fjárfesta í innviðum í víðum skilningi.

3. Ársreikningur 2020 - 2104001SU

Ársreikningur samtakanna vegna ársins 2020 lagður fram til kynningar.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. samþykktir samtakanna, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

4. Vorferð samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2021 - 2104004SU

Fjallað um mögulega vorferð stjórnar á tímum heimsfaraldurs.

Samþykkt að skipuleggja frekar haustferð í ljósi óvissu um framvindu heimsfaraldurs. Samþykkt að heimsækja Grindavíkurbæ dagana 9.-10. september.

Fundi var slitið kl. 13:45

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Njáll Ragnarsson



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Snæfellsbær
Kt. 5106942449
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 18. maí 2021
2102011

Efni: Brekkan - Deiliskipulagsbreyting

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 6. maí 2021 var ofangreint erindi tekið fyrir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir drög að breyttu skipulagi fyrir Brekkuna. Erindið var kynnt bæjarstjórn sem lagði áherslu á að landmótun lóðar yrði á kostnað lóðarhafa í samráði við Snæfellsbæ. Jafntframt lagði bæjarstjórn áherslu á að möguleiki væri á byggingu parhúsa.

Breytingin felst í því að lóðum yrði fækkað úr 19 í 11 lóðir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir skipulagstillögu og vísar því í lögboðið ferli.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Davíð Viðarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Lilja Ólafardóttir

From: Ásta Pálsdóttir <astapalsdottir68@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. maí 2021 14:52
To: Lilja Ólafardóttir
Subject: Hugmynd af Sáinu í Ólafsvík

Hér er hugmynd handteiknuð af sáinu í Ólafsvík sem mig langar að leggja til við bæjarstjórn og viðra þessa hugmynd mína. Hugmynd mín er sú að setja upp almenningsalerni sem væri gjald fyrir með svokölluðu afgreiðsluhliði (korta). Því mikill þörf er fyrir salernum hér þar sem ferðamenn koma sívaxandi og er endalaust spurt um salerni. Mér finnst að við í Snb ættum að vera til fyrirmyndar í þessum málum og reysa svona í okkar bæ og það á sáinu þar sem hvalaskoðunninn er à fullu ásamt öðrum ferðamönnum. Nú svo sé ég leik á borði að gera gosbrunn sem yrði hlaðinn upp með grjóti (fá þá hjá Grjótverk til þess). Og gera rústæði/bíla við hlið Akkraborgar. Nú síðan að koma trjám ásamt borgarkerjum á víð og dreif um svæðið. Minigolfið væri hægt að stækka um nokkrar brautir og koma fyrir bekkjum. Mig langar að koma þessu í gang því þetta svæði er ekki mikið þrifið og ef um hátíðarhöld væri að ræða ættum við að nota sjómannagarðinn eins og gert hefur verið. Þar er meira logn. Mín ósk er sú að við gerum eitthvað í þessu og notum tækifærið núna. Með fyrirfram þökk Ásta Pálsdóttir Ólafsvík



Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 1. júní 2021

Eins og fram kom í fundargerð öldungaráðs frá 21. apríl s.l., þá óskum við eftir afstöðu bæjarstjórnar um neðangreint mál:

Íbúðamál eldri borgara í Snæfellsbæ

Eftirfarandi var samþykkt eftir umræður með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar vill hvetja Bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að láta verða af því sem first að byggja tvö tveggja til þriggja íbúða parhús/raðhús. Yrði annað þeirra staðsett í Ólafsvík og hitt á Hellissandi.

Greinargerð: Öldungaráð hefur rætt um þessi mál í tvö ár á sínum fundum og finnst nú komið til að framkvæma. Mikil vöntun er orðið á minna íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara í Snæfellsbæ. Margir þeirra eru með stórar eignir eins og áður hefur komið fram á fundi Öldungaráðs. Viljum við benda á parhúsin tvö sem eru við Engihlíð í Ólafsvík og eru góð fyrirmynd sem myndi henta.

Benda má að byðlisti er eftir að komast í þau. Við byggingu húsana myndi losna um fyrir yngra fólk með fjölskyldur til flytja sig í stærra húsnæði.

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 1. júní 2021

Eins og fram kom í fundargerð öldungaráðs frá 21. apríl s.l., þá óskum við eftir afstöðu bæjarstjórnar um neðangreint mál:

Um hreinsun á lóða

Á ágætum fundi í Klifi hjá félagi eldri borgra í mars sl urðu ma umræður um hreinsun lóða þe slátt og tiltekt. Þetta mál var tekið fyrir á fundi Öldungaráðs í dag og það rætt. Eftir farandi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum:

Öldungaráð Snæfellsbæjar samþykkir að beina því til bæjarstjórnar að þeir eldri borgarar og öryrkjar sem þess óska fái flokk eldri unglínga sem eru í sumar bæjarvinnunni til að hreinsa lóðir viðkomandi þe blómabeð og runna og verði það án endurgjalds.

Greinargerð: Nauðsynlegt væri að þetta yrði gert í amk tvö skipti þe fyrst á vorin/júní og svo einu sinni til tvisvar yfir sumarið. Eldri borgarar og öryrkjar myndu þá sækja um til Snæfellsbæjar og vinnan yrði gerð í samvinnu við þá. Þetta yrði undir stjórn Stefáns Jónssonar garðyrkjustjóra í Snæfellsbæjar.

Þetta yrði mikil hjálp fyrir þá sem þurfa á því að halda. Alltaf er verið að tala um að gera þessum hóp auðveldara til að búa lengur heima. Svona hreinsun og þrif getur verið erfið þeim sem ekki geta og fólk því ánægt að líta yfir flottan garðinn sinn að verki loknu. Öldungaráð þakkar góða undirtektir Snæfellsbæjar við sláttinn sl ár og viljum við taka fram að mikil ánægja hefur verið sláttinn síðast liðin ár.

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@syslumenn.is>
Sent: föstudagur, 21. maí 2021 11:57
To: 'Heilbrigðiseftirlit Vesturlands'; 'vinnueftirlit@ver.is'; Kristinn Jónasson; Davíð Viðarsson; Slökkvilið Snæfellsbæjar; 'Slökkvilið Snæfellsbæjar'; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarbeiðni.rekstrarl.V.II-Reks, Grundarbraut 2, Ólafsvík, Snæfellsbæ
Attachments: Umsagnarb.rekstrarl.V.II-Reks,Grundarbraut 2, Ólafsvík.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Sker Restaurant ehf kt. 550318-1640 um rekstrarleyfi til rekturs veitingastaðar í flokki II,veitingahús, sem rekinn verður sem Reks, að Grundarbraut 2 (F2292546), Ólafsvík, Snæfellsbæ. Skiptastjóri Tarragon ehf sem hafði gilt rekstrarleyfi LG-REK-014838 til sölu veitinga í flokki III í húsnæðinu hefur tilkynnt að félagið hafi hætt þeim rekstri.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningum og umsagnarbeiðni.

Hér með er óskað umsagna frá viðtakendum þessa pósts.

Kveðja,

Daðey

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Stillholt 16-18 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.syslumenn.is • [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundum. Ef þú átt erindi á skrifstofu embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar
skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007
og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016


Akranesi, 21.5. 2021

Reks – Grundarbraut 2 (F2113825), 356 Snæfellsbær

Sker Restaurant ehf kt. 550318-1640 hefur sótt um leyfi til þess að reka veitingastað í flokki II, veitingahús sem rekið verður sem Reks, að Grundarbraut 2 (F2292546), 355 Ólafsvík, Snæfellsbæ. Um er að ræða nýjan rekstraraðila sem mun opna aftur veitingahús það sem Tarragon ehf kt. 530619-1680 hefur rekið samkvæmt rekstrarleyfi LG-REK-014838 útgefnu 18. júlí 2019.

Umsóknin ásamt teikningum fylgir hér með.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrirmælum 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsagna er óskað eigi síðar en **4. júlí** n.k. sbr. 2. mgr. 26.gr. rgl. 1277/2016 en þar segir; „Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi“.


Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri hjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes eftirlit@hev.is

Vinnueftirlit ríkisins vinnueftirlit@ver.is

Snæfellsbær, bæjarstjóri
Kristinn Jónasson, kristinn@snb.is

Snæfellsbær, skipulag-og byggingafulltrúi
Davíð Viðarsson, david@snb.is

Slökkvilið Snæfellsbæjar
slokkvilid@snb.is; snæfellsbaer@eldvarnaeftirlit.is

Lögreglustjórinn á Vesturlandi vesturland@logreglan.is



SÝSLUMENN

Umsókn um rekstrarleyfi til veitingu veitinga

skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

GREITT

20 MAY 2021

Sýslumaðurinn á Vesturlandi
AKRANES

Umsækjandi:		
Nafn einstaklings eða lögaðila: Sker Restaurant ehf	Kennitala: 550318- 3040	Netfang:
Heimilisfang: Ólofsbraut 19	Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík	Sími / Símar: 436-6625
Virðisaukaskattsnúmer (VSK nr.): 130956		

Forsvarsmáður (sem ber ábyrgð á rekstrinum):		
Fullt nafn: Bryndís Ásta Ágústsdóttir	Kennitala: 130578-3069	Netfang: bryndisasta@simnet.is
Lögheimili: Úlfarsbraut 24	Póstnúmer og staður: 113 Reykjavík	Sími / Símar: 772-1305

Upplýsingar um veitingastað, starfsstöð:			
Heiti veitingastað/nafn skips: Reks		Netfang: arnar@skerrestaurant.is	
Heimilisfang (starfsstöð): Grundarbraut 2		Póstnúmer og staður: 355 Ólafsvík	Sími / Símar: 436-6625
Fasteignanúmer/skipaskrárnúmer: 229254		Áætlaður fjöldi starfsmanna (aðrir en eigendur): 5-6	
Er sótt um leyfi til útteitinga?	Já: <input checked="" type="radio"/>	Nei: <input type="radio"/>	Fjöldi gesta: 60
<input type="checkbox"/> Samkvæmt ákvæðum lögreglusamþykktar í sveitarfélagi þar sem starfsemi fer fram.			
Afgreiðslutími áfengis (ef við á):	Virka daga frá kl: 10:00	til kl: 01:00	Aðfaranætur frídaga frá kl: 10:00 til kl: 03:00
Afgreiðslutími útteitinga (ef við á):	Virka daga frá kl: 10:00	til kl: 21:00	Aðfaranætur frídaga frá kl: 10:00 til kl: 22:00

Flokkun veitingastaða:		
<input checked="" type="checkbox"/> Flokkur II	Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.	Kr.210.000.-
<input type="checkbox"/> Flokkur III	Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.	Kr.263.000.-
Tegundir veitingastaða – Veitingastaðir skiptast í eftirtaldir tegundir eftir starfsemi og þjónustu sem bjóða skal viðskiptavinum. Hver einstök tegund veitingastaða getur fallið undir fleiri en einn framgreindan flokk veitingastaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um.		
<input checked="" type="checkbox"/> A	Veitingahús	Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.
<input type="checkbox"/> B	Skemmtistaður	Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.
<input type="checkbox"/> C	Veitingastofa og greiðasala	Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónustu og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. mótuneyti og skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.
<input type="checkbox"/> D	Veisluþjónusta og veitingaverslun	Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.
<input type="checkbox"/> E	Kaffihús	Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.
<input type="checkbox"/> F	Krá	Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.
<input type="checkbox"/> G	Samkomusalir	Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk. Félagsheimili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnuskyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oft fram en tólf sinnum á ári.

Gögn sem þurfa að leggjast fyrir við afgreiðslu umsókna. Sýslumaður getur, ef óskað er, lagt til gögn skv. liðum b, d, e og g (gjöld til ríkissjóðs). Merkið við þau gögn sem umsækjandi lætur fylgja. **Æskilegt er að umsókn fylgi staðfesting á fyrirvari lögaðila.**

Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflið rafrænt eftir því sem við verður komið:

- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.
- Vottorð um búseturæði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.
- Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.
- Sakavottorð forsvarsmanns.
- Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.
- Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.
- Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.
- Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útsvæðis.
- Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.

Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflið rafrænt eftir því sem við verður komið:

- Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- Búsetuvottorð.
- Vottorð um búseturæði.
- Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.
- Sakavottorð.
- Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.
- Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.
- Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturnn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.
- Ef um er að ræða útveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útsvæðis.
- Staðfesting fyrri leyfishaf um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.

Athugasemdir umsækjanda:

Staðfesting:

Með því að haka í þennan reit óska ég þess að sýslumaður afli þeirra gagna samkvæmt liðum b, d, e, og g.

Undirskrift:

Staður og dagsetning:

Undirskrift umsækjanda:

Staður og dagsetning:

Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:

Reykjavík 20.05.2021

Brúnals Asta Agústsól

Upplýsingar um nauðsynleg fylgigögn:

Liggja starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ekki fyrir þegar sótt er um rekstrarleyfi getur umsækjandi sótt um slíkt leyfi samhliða umsókn um rekstrarleyfi. Umsókn um starfsleyfi má nálgast á vef heilbrigðisnefnda í því umdæmi sem starfsemi er fyrirhuguð. Upplýsingar um heilbrigðiseftirlitssvæðin má finna á vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/atvinnulif/heilbrigðiseftirlit/heilbrigðiseftirlitssvædin/>

Ekki er nauðsynlegt að leggja fram búsetuvottorð í þeim tilvikum þegar umsækjandi er íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum getur sýslumaður aflið gögnum um búsetu ef óskað er.

Búseturæðisvottorð fæst hjá héraðsdómstól í því umdæmi sem umsækjandi er með skráð lögheimili. Sækja má um það rafrænt á vef héraðsdómstóla <https://www.domstolar.is/>

Staðfestingu Ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri má sækja rafrænt á <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/>

Sakavottorð má sækja hjá embættum sýslumanna. Sakavottorð kostar kr. 2.500,-

Yfirlýsingu um skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

Vottorð um skuldastöðu frá innheimtumanni ríkissjóðs má nálgast á skrifstofu sýslumanns. Að beiðni getur sýslumaður kannað hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt við móttöku umsóknar


Samþykkt teikningu af húsnæði má nálgast hjá byggingafultrúa í því sveitarfélagi er fasteign er staðsett.

Eyðublað um staðfestingu frá fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, má nálgast á vef sýslumanna www.syslumenn.is

FRAMLEIÐANDI OG HÖNNUÐUR HÚSS: FINNLAMELLI, TEOLLISUUSTI, FINNLANDI.




AUSTURHLIÐ



NORÐURHLIÐ



NORÐURHLIÐ



SÚÐURHLIÐ



AUSTURHLIÐ (áfr. handdráttur)



DRÖMLAUSNIR
 Hér er sýnt framleiðandi og hönnuður húss: FINNLAMELLI, TEOLLISUUSTI, FINNLANDI. Þessi drömlausn er byggð á grundarbraut 2. Ólafsvíkur. Drömlausnir eru byggðar á grundarbraut 2. Ólafsvíkur. Drömlausnir eru byggðar á grundarbraut 2. Ólafsvíkur. Drömlausnir eru byggðar á grundarbraut 2. Ólafsvíkur.

HÚS ER FRAMLEIÐT OG HÖNNUÐ AF
 FINNLAMELLI, TEOLLISUUSTI, FINNLANDI
 HÚS ER FRAMLEIÐT OG HÖNNUÐ AF
 FINNLAMELLI, TEOLLISUUSTI, FINNLANDI

GILJÓ, VEITINGAHÚS
 10% GRUNÐARBRAUT 2. ÓLAFSVÍK
 ÚTIR
AÐALTEIKNING

Ásögð 12.04.2008
 276-002
 Teikningu hönnuðs og hönnuðs
 Ásögð 12.04.2008
 276-002



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 7. maí 2021
Tilv.: SRN19040044/4.10.11

Með bréfi til allra sveitarfélaga, dags. 13. nóvember 2019, fór ráðuneytið fram á að *gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélaga væru yfirfarnar* þannig að þær taki mið af þeim sjónarmiðum að vatnsgjald er þjónustugjald og að óheimilt er að ákvarða sveitarfélagi arð af fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitu. Þá óskaði ráðuneytið eftir að vera upplýst með stuttri samantekt um ákvörðun vatnsgjalds og gögn sem byggt væri á í því sambandi.

Eftir yfirferð á svörum sveitarfélaga og vatnsveitna telur ráðuneytið að ekki sé nægilega ljóst á hvaða kostnaðarliðum sveitarfélög og vatnsveitur í þeirra eigu byggja ákvarðanir sínar um álagningu vatnsgjalds, eins og þeim ber að gera á grundvelli meginreglna stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar sem gilda um töku þjónustugjalda.

Ráðuneytið hefur því með vísan til 1. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga tekið ákvörðun um að taka málið til formlegrar umfjöllunar og gefið út meðfylgjandi leiðbeiningar hér að lútandi og um álitæfni því tengdu. Í leiðbeiningunum er m.a. fjallað um hvort vatnsveitu sé heimilt að miða upphæð vatnsgjalds við arðsemiskröfu og hvað beri að gera við tekjuafgang af rekstri vatnsveitna. Í viðauka við leiðbeiningarnar er fjallað um þá kostnaðarliði sem hægt er að leggja til grundvallar við álagningu vatnsgjalds.

Vegna þessa fer ráðuneytið fram á að *gjaldskrá vatnsveitu sveitarfélagsins verði yfirfarin að nýju* með hliðsjón af leiðbeiningum ráðuneytisins. Fer ráðuneytið þess á leit að verða í framhaldinu upplýst um niðurstöðu sveitarfélagsins hvað varðar forsendur fyrir þeim útreikningum sem gjaldskrá vatnsveitunnar um álagningu vatnsgjalds er byggð á, sbr. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fer ráðuneytið fram á að vera upplýst um langtímaáætlun vatnsveitunnar, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Telji sveitarfélagið að lokinni yfirferð sinni að ekki sé ástæða til að uppfæra gjaldskrá vatnsveitunnar er farið fram á að sú niðurstaða verði rökstudd í svari til ráðuneytisins.

Skulu umbeðnar upplýsingar berast í netfangið srn@srn.is fyrir 30. júní n.k.


Telji sveitarfélagið að það þurfi meiri tíma til þessarar vinnu er nægilegt að upplýsa ráðuneytið um það og áætluð verklok. Verða frekari frestir veittir í samræmi við það eftir atvikum.


Bréf þetta er sent til allra sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag beri ábyrgð á svari þess fyrir þá vatnsveitu sem starfrækt er í sveitarfélaginu, sbr. 113. gr. og 116. gr. sveitarstjórnarlaga. Að fengnum þessum upplýsingum verður lagt mat á hvort að tilefni er til að taka stjórnsýslu einstakra


sveitarfélaga eða vatnsveitna til formlegrar umfjöllunar, sbr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Að lokum er vakin athygli á því að hægt er að nálgast rafræna útgáfu af sýnidæmi sem birt í viðauka við leiðbeiningar ráðuneytisins, á vefsíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Hermann Sæmundsson



Árið 2021, þriðjudaginn 25. maí, fundaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í gegnum fjarfundabúnað. Þátt tóku Nanna Magnadóttir forstöðumaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Ásgeir Magnússon dómstjóri.

Fyrir var tekið mál nr. 18/2021, kæra á álagningu stöðuleyfisgjalds vegna tveggja gáma við gripahús á lóðinni Fjárborg 10d, Snæfellsbæ.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 15. febrúar 2021, er barst nefndinni sama dag, kærir Lárus Skúli Guðmundsson, eigandi lóðarinnar Fjárborgar 10d, Snæfellsbæ, álagningu stöðuleyfisgjalds að fjárhæð kr. 146.000. Verður að skilja málskot kæranda svo að þess sé krafist að hin kærða álagning verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Snæfellsbæ 5. mars 2021.

Málavextir: Hinn 2. júní 2020 sótti kærandi um stöðuleyfi fyrir tvo gáma á lóðinni Fjárborg 10d í Snæfellsbæ. Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar 12. s.m. var umsókn kæranda um stöðuleyfi samþykkt tímabundið fram að áramótum og var kæranda gert að greiða kr. 72.000 vegna leyfisins. Í janúar 2021 sótti kærandi að nýju um stöðuleyfi vegna gámanna og var umsókn hans samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 21. s.m. Hinn 5. febrúar s.á. var lagt á kæranda stöðuleyfisgjald að fjárhæð kr. 146.000.

Málsrök kæranda: Kærandi bendir á að um hátt gjald sé að ræða vegna einungis tveggja gáma. Ekki komi fram í stöðuleyfinu hve lengi hann megi hafa gámana á lóðinni. Samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands sé lóðin Fjárborg 10d ekki skráð sem hesthúsaloð heldur iðnaðar- og athafnalóð.

Málsrök Snæfellsbæjar: Snæfellsbær vísar til þess að fram komi á umsóknareyðublaði um stöðuleyfi að slíkt leyfi sé mest veitt til 12 mánaða nema skipulagsákvæði mæli fyrir um annað. Sveitarfélagið vinni samkvæmt gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 við útgáfu stöðuleyfa. Samkvæmt 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki sé sveitarstjórn heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, þ.m.t. vegna útgáfu stöðuleyfa. Ár hvert sé gjaldskráin yfirfarin og endurbætt eftir aðstæðum hverju sinni. Bent sé á að í nágrannasveitarfélögum sé gjald vegna stöðuleyfa kr. 91.985 í Stykkishólmi og kr. 74.304 í Grundarfirði.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Kærandi telur það ekki koma málinu við hvað önnur sveitarfélög innheimti fyrir stöðuleyfi gáma. Gámarnir séu á lóð í eigu kæranda.

Viðbótarathugasemdir Snæfellsbæjar: Í tilefni af fyrirspurn úrskurðarnefndarinnar er af hálfu Snæfellsbæjar bent á að meðferð stöðuleyfa taki samtals um 230 mínútur. Kostnaður

vegna útseldrar vinnu starfsmanns tæknideildar á klukkustund sé kr. 17.750, án virðisaukaskatts. Nemi kostnaður við vinnu stöðuleyfis því alls kr. 68.402, án virðisaukaskatts, eða kr. 84.372, með virðisaukaskatti. Mikill tími fari í utanumhald vegna stöðuleyfa hjá tæknideild. Síðustu ár hafi eftirlit með stöðuleyfum aukist, farið hafi verið í fjölda eftirlitsferða og fjöldi bréfa verið send og fólk hvatt til að sækja um stöðuleyfi. Hjá tæknideildinni starfi þrír einstaklingar sem eyði töluverðum tíma í eftirlit og utanumhald stöðuleyfa. Árið 2017 hafi bæjarráð beint því til umhverfis- og skipulagsnefndar að takmarka leyfisveitingar fyrir gáma eins og hægt væri. Eingöngu ætti að veita tímabundin leyfi fyrir gáma í kringum nýbyggingar eða stórframkvæmdir. Mikill kraftur hafi verið settur í að skrá lausafjármuni undanfarin ár. Kostnaður vegna stöðuleyfa sé því töluvert hærri en tekjurnar sem komi inn til sveitarfélagsins vegna lausafjármuna.

Samkvæmt Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 sé lóðin Fjárberg 10d á skipulögðu landbúnaðarsvæði þar sem gert sé ráð fyrir tómstundarbúskap, en þar sé hestamennskan í fyrirrúmi. Í samþykktu deiliskipulagi svæðisins sé gert ráð fyrir að sveitarfélagið geti sett samþykkt um hreinsun og umgengni sem geti verið strangari en reglugerð. Strangt litaval sé á húsum, þar sem lögð sé áhersla á jarðliti, en bláir og rauðir gámar falli ekki undir það. Gámahald sé í engum takti við skipulag svæðisins. Kærandi hafi fengið ítrekunarbref vegna gáma í leyfisleysi sem geri feril vegna máls hans dýrari en gangi og gerist. Samkvæmt loftmyndum hafi gámarnir staðið a.m.k. frá árinu 2017 án leyfis og greiðslu stöðuleyfisgjalda. Aðeins hafi verið greitt fyrir stöðuleyfi fyrir árið 2020, en umsókn um stöðuleyfi og greiðsla hafi borist eftir brefaskriftir tæknideildar til kæranda.

Niðurstaða: Ágreiningur máls þessa snýst um álagningu stöðuleyfisgjalds að fjárhæð kr. 73.000 vegna hvors gáms kæranda fyrir sig á lóðinni Fjárberg 10d, eða samtals kr. 146.000.

Að meginstefnu til er fjár vegna lögbundinna verkefna ríkis og sveitarfélaga aflað með skattheimtu. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga hafa sveitarfélög þó einnig m.a. tekjur af leyfisgjöldum eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um, sbr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Er mælt fyrir um í 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki að sveitarstjórnnum sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og útvistunar eftirlits, útgáfu byggingarleyfis byggingarfulltrúa, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Upphæð gjalds skuli taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd séu þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið megi ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Hinn 10. desember 2020 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar gjaldskrá nr. 1594/2020 fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld og tók hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 17. mars 2021. Með samþykkt gjaldskrárinnar féll úr gildi samnefnd gjaldskrá nr. 1184/2015, er birt var í B-deild Stjórnartíðinda 23. desember 2015. Í 3. gr. gjaldskrár nr. 1594/2020 kemur fram að gjald fyrir stöðuleyfi án byggingarleyfis vegna 20 feta gáma, báta o.fl. sé kr. 73.000 en í gjaldskrá nr. 1184/2015 var upphæð sama þjónustugjalds í 3. gr. þeirrar gjaldskrár kr. 48.000.

Um svokallað þjónustugjald er að ræða en um ákvörðun slíkra gjalda gilda ýmis sjónarmið. Það er m.a. skilyrði að beint samhengi sé á milli fjárhæðar gjaldsins og þess kostnaðar sem til fellur við það að veita þjónustuna. Sá sem greiðir þjónustugjöld getur hins vegar almennt ekki krafist þess að sá kostnaður sé reiknaður nákvæmlega út heldur er heimilt að haga gjaldtöku svo að um

sé að ræða jafnaðargjald. Fjárhæð þjónustugjalds verður að byggjast á traustum útreikningi, en þó hefur verið litið svo á að sé ekki hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði sé heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun. Undir rekstri máls þessa aflaði úrskurðarnefndin frekari skýringa á útreikningi þess gjalds sem lagt var á kæranda. Kom fram í svörum sveitarfélagsins að meðferð stöðuleyfa fari fram í níu mismunandi liðum og taki í heildina um 230 mínútur. Tímafrekasti liðurinn felist í því að taka erindið fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar, eða 90 mínútur, en einnig kom fram í svarinu að 20 mínútur fari að jafnaði í vinnu vegna lausafjármuna án leyfis, s.s. að senda áskorun á eiganda lausafjármuna um að sækja um stöðuleyfi og að fjarlægja lausafjármuni.

Svo sem fyrr greinir segir í 51. gr. laga nr. 160/2010 að upphæð gjalds skuli taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd séu þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Telja verður að í gjaldtökuheimildinni felist ekki heimild til að innheimta gjald vegna kostnaðar sem leiðir af fundi umhverfis- og skipulagsnefndar, enda um að ræða lögbundið verkefni sveitarfélags sem inna skal af hendi endurgjaldslaust. Þá verður heldur ekki talið að í ákvæðinu felist heimild til að innheimta gjald vegna kostnaðar við að beita þvingunarúrræðum þótt þau kunni að leiða til umsóknar um stöðuleyfi.

Að framansögðu virtu verður ekki talið að hið álagða gjald uppfylli skilyrði 51. gr. mannvirkjalaga, þess efnis að upphæð gjalds skuli taka mið af kostnaði við þá þjónustu sem um ræði, enda voru kostnaðarliðir að baki gjaldinu ranglega lagðir því til grundvallar. Þá verður gjaldtökuheimild nefndrar lagagreinar ekki túlkuð á þann veg að fjárhæð gjalds vegna útgáfu stöðuleyfis og tilheyrandi eftirlits ráðist fortakslaust af stærð eða fjölda lausafjármuna sem leyfið tekur til. Liggja ekki fyrir í málinu nein þau rök eða gögn sem rennt geta stoðum undir nauðsyn þess að leggja á tvöfalt stöðuleyfisgjald þótt um tvo gáma hafi verið að ræða. Loks voru hin kærðu gjöld lögð á kæranda 5. febrúar 2021 á grundvelli gjaldskrár nr. 1594/2020, en sú gjaldskrá öðlaðist ekki lögformlegt gildi fyrr en 17. mars s.á. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður hin kærða ákvörðun um álagningu stöðuleyfisgjalds felld úr gildi.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi kærð álagning stöðuleyfisgjalds að fjárhæð kr. 146.000 vegna tveggja gáma kæranda við gripahús á lóðinni Fjářborg 10d, Snæfellsbæ.

Nanna Magnadóttir (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

Ásgeir Magnússon (sign)



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Jaðar, dvalar- og hjúkrunarheimilið
Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður
Hjarðartún 3
355 Ólafsvík

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 20. maí 2021
Tilv.: HRN21020272/06.84.01

Efni: Úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2021

Heilbrigðisráðuneytið vísar til umsóknar frá Jaðar, dvalar- og hjúkrunarheimili um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árinu 2021. Sótt var um framlag til endurbóta á aðgengi fyrir hjólastóla og göngugrindur.

Að fenginni tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita framlag til framkvæmdarinnar allt að 5.195.896 kr. úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Framlagið er allt að 40% af áætluðum kostnaði samanber umsókn.

Með bréfi þessu fylgir samkomulag vegna framlagsins. Óskað er eftir því að viðtakandi framlags setji inn viðeigandi upplýsingar í óutfyllta reiti s.s. upplýsingar um þann reikning sem leggja á framlagið inn á og undirriti samkomulagið, skanni og sendi á hrn@hrn.is. Ef aðrar upplýsingar í samkomulaginu eru ekki réttar þá er bent á að senda athugasemdir á netfang heilbrigðisráðuneytisins á hrn@hrn.is.

Framlagið verður greitt út í tvennu lagi. Fyrri hluti þegar viðtakandi hefur fyllt út og staðfest meðfylgjandi samkomulag með undirritun sinni og sent skannað eintak samningsins til ráðuneytisins. Seinni hluti þegar staðfesting liggur fyrir um að framkvæmdum sé lokið og að þær hafi verið í samræmi við umsókn og undirrituð staðfesting endurskoðanda á kostnaði við framkvæmdina liggja fyrir.

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Hrönn Ottósdóttir
skrifstofustjóri

Fylgiskj.: Samkomulag um framlag



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Samkomulag vegna framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra 2021

1. Framkvæmdasjóður aldraðra

Heimilisfang: Heilbrigðisráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík
Kennitala: 521218-0530 Netfang: hrn@hrn.is

Tengiliður veitanda framlags: Guðrún Fanney Sigurðardóttir, sérfræðingur skrifstofu innviða heilbrigðisþjónustu	Málsnúmer veitanda framlags: HRN21020272
--	---

2. Viðtakandi/ móttakandi framlags

Sveitarfélag/ stofnun/ heimilisfang Jaðar, Hjarðartún 3, 355 Ólafsvík	Kennitala: 510694-2449
Ábyrgðarmaður verkefnis: Inga Jóhanna Kristinsdóttir	Tölvupóstfang ábyrgðarmanns: inga@snb.is

3. Framlag/ verkefni

Ákvörðun um framlag: Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita Jaðar framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sbr. meðfl. bréf dags. 20.05.2021 sem er hluti ákvörðunar ráðherra og þessa samkomulags.		
Heildarfjárhæð framlags: 5.195.896, -	Innleggsreikningur:	Fjárlagaliður: 08 402 62100
Vitjun framlags Sé framlags ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um framlag fellur það niður í samræmi við 7. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014		

4. Skuldbinding móttakanda framlags

Með undirritun samkomulagsins og móttöku framlagsins lýsir móttakandi því yfir að hann ábyrgist að framlaginu verði varið til verkefnisins sem lýst er í umsókn og í samræmi við ákvörðun og skilyrði ráðherra. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra lokaskýrslu sbr. 10 gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014 og hlýta öðrum þeim skuldbindingum sem í reglugerðinni koma fram. Lokagreiðsla framlags verður innt af hendi þegar endanlegt fjárhagsuppgjör liggur fyrir.

5. Endurkröfuréttur ráðherra/stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra

Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, að krefja þann sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef viðkomandi skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjöri, sbr. 10. gr. reglugerðar um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Reykjavík 25.05.2021
Staður og dags.


F.h. heilbrigðisráðuneytisins

F.h. viðtakanda

Minnisblað vegna sameiningar Kjósarhrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Forsaga málsins

Með erindi Umhverfis og auðlindaráðuneytis dagsett 10. desember 2020 til samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Kjósarhrepps er viðruð sú hugmynd að Kjósarhreppur sameinast Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þegar Heilbrigðiseftirlit Kjósarhrepps verður lagt niður í núverandi mynd. Á eigendafundi hefur komið fram vilji fulltrúa eigenda á Vesturlandi til þess að af sameiningunni verði og einnig er vilji Kjósarhrepps til að málið gangi eftir.

Gildistaka

Gert er ráð fyrir að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gefi út reglugerð í sumar með gildistöku 1. september þar sem þessi sameining gengur eftir ef allir aðilar eru því sammála. Í tilefni af þessu var lögð fyrir og samþykkt ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands á aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem haldinn var þann 20. maí 2021 þar sem gert er ráð fyrir sameiningunni. Í kjölfar samþykktar fundarins er gert ráð fyrir að samþykktin verði lögð fram í öllum sveitarstjórnnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi til afgreiðslu.

Framkvæmd

Við sameininguna verður gengið í að færa starfsemi sem verður undir eftirliti Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í sameiginlegan gangagrunn. Þar sem Kjósarsvæði og Vesturland hafa verið að nota sama gagnagrunn mun það ganga hratt fyrir sig. Í gagnagrunni heilbrigðiseftirlits Vesturlands eru nú skráð 795 fyrirtæki með sameiningu við Kjósarhrepp bætast við 31 fyrirtæki og má búast við að eftirlitsgjöld sem fyrirtæki í Kjósarhreppi greiða séu um ein milljón. Vatnsból og gististaðir eru algengasta form starfsemi en einnig er þar matsölustaður, gámasvæði, sumarbúðir og kjötvinnsla svo eitthvað sé nefnt. Verkefni tengd stjórnýslu bætast svo við s.s. að veita umsagnir um skipulagsupprætti og starfsemi.

Kostnaðarskipting

Í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þá segir: Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Kostnaðarskipting gæti því litið svona út fyrir árið 2021 miðað við að Kjósarhreppur sameinist Heilbrigðiseftirlitinu á Vesturlandi 1. september 2021. Á aukaaðalfundinum var samþykkt að kostnaði yrði skipt í þrjár greiðslur sem væru innheimtar þann 1. júní, 1. september og 1. nóvember

Útreikningur á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga

Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2020

Framlög sveitarfélaga 2021	Mannfj. 2021	Hlutfall	Tímabil	Framlag 2021	Innheimt 1. júní	Innheimt 1. sept	Innheimt 1. nóvember
Akraneskaupstaður	7.534	44.55	2021	9.043.295	3.014.432	3.014.432	3.014.432
Borgarbyggð	3.852	22.78	2021	4.623.675	1.541.225	1.541.225	1.541.225
Deiðabyggð	639	3.78	2021	767.012	255.671	255.671	255.671
Eyja- og Mikiholtshreppur	124	0.73	2021	148.841	49.614	49.614	49.614
Grundarfjarðarbær	876	5.18	2021	1.051.490	350.497	350.497	350.497
Heiðafellssveit	64	0.38	2021	76.821	25.607	25.607	25.607
Hvalfjarðarsveit	625	3.70	2021	750.207	250.069	250.069	250.069
Skorradalshreppur	65	0.38	2021	78.022	26.007	26.007	26.007
Snæfellsbær	1.674	9.90	2021	2.009.354	669.785	669.785	669.785
Stykkishólmurbær	1.209	7.15	2021	1.451.200	483.733	483.733	483.733
Kjósarhreppur	250	1.48	1.sept-31. sept	75.021	0	37.510	37.510
	16.912	100		20.074.938	6.666.639	6.704.149	6.704.149

Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands liggur nú fyrir sveitarstjórnnum á Vesturlandi og í Kjósarhreppi til samþykktar. Samþykktin byggir á eldri samstarfssamningi um HEV en skýrari rammi hefur verið settur utan um starfsemina og í 5 kafla er virkjuð heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og starfsfólki falið að afgreiða ýmis mál. Slíkt framsal er í samræmi við framkvæmdina eins og hún hefur verið hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum alla tíð og er einkum til að flýta fyrir framkvæmd mála þegar langt getur verið milli funda heilbrigðisnefnda.

Samþykktin var yfirfarin af lögfræðingi hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og hefur hlotið samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands þann 5. maí 2021 og hún var samþykkt á aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þann 20. maí. Til að öðlast fullt gildi er gert ráð fyrir að hún fái jákvæða afgreiðslu í hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við sveitarstjórnarlög.

26. maí 2021



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Dómsmálaráðuneyti
Skipulagsstofnun
Sveitarstjórnir
Sýslumenn
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
-- sent rafrænt --

Reykjavík 28. maí 2021
Tilv.: ANR21050451/12.01.00

Efni: Umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004.

Hinn 18. maí sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004 (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskylda o.fl.), sem öðlast munu gildi 1. júlí nk. Með bréfi þessu er leitast við að gefa yfirlit um helstu breytingar sem af þessu leiða.

I.

Hér er fyrst til að taka að með lögnum er felld brott skylda ráðherra landbúnaðarmála til að samþykkja breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum en um leið er **leitast við að styrkja sveitarfélög við að takast á við breytingar í landnotkun, þannig þau hafi betri möguleika á því að gæta að hagsmunum landbúnaðar við gerð skipulags.**

Með 5. gr. jarðalaga, eins og hún orðast við þessar breytingar, verður skylt, við skipulagsgerð samkvæmt skipulagslögum þar sem ráðgerðar eru breytingar sem fela í sér að land sé leyst úr landbúnaðarnotum, þ.e. að landnotkun breytist úr landbúnaði yfir í aðra landnotkun, að gera grein fyrir og taka afstöðu til eftirfarandi:

a. Hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.

b. Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlæg landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breytttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni.

Um a.-lið segir í skýringum að með honum verði skylt að greina hvort landið sé stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu, á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar. Hér getur m.a. haft þýðingu hvernig áformuð nýting samræmist skilgreiningu viðkomandi lands samkvæmt flokkun landbúnaðarlands, t.d. þegar um er að ræða land sem sýnilega hentar vel til ræktunar og landbúnaðarframleiðslu. Slík flokkun lands hefur verið gerð í nokkrum fjölda sveitarfélaga og er með lögnum gert ráð fyrir að það verði hér eftir skylt við gerð aðalskipulags í dreifbýli. Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um flokkun ræktarlands sem finna má á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þá má nefna í þessu

sambandi að í tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem liggur fyrir núverandi þingi, segir að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.

Um b.-lið segir í skýringum að með honum sé lagt til að skylt verði að greina hver áhrif breyttrar landnotkunar séu á aðlæg landbúnaðarsvæði, meðal annars hvort hæfileg fjarlægð er milli breyttrar landnotkunar og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni. Með þessu er átt við t.d. hvort af breyttri landnotkun, eða eftir atvikum skiptingu lands, leiðir að byggingar jarðar nýtist ekki eða framleiðslugrundvöllur hennar raskist tilfinnanlega. Varðar hér engu hvort þá stundina sé stundaður landbúnaður á jörðinni, enda eðlilegt að horft sé til nokkurrar framtíðar um mögulega þróun byggðar og búsetu. Um leið verður að gæta meðalhófs og þurfa þessi ákvæði að mótast í framkvæmdinni. Hvað telst t.d. vera hæfileg fjarlægð markast af eðli og umfangi þeirrar starfsemi fyrirhuguð er við landnotkunarbreitinguna. Hér geta t.d. komið til álita sjónarmið um mikilvægi þess að landbúnaðarsvæði séu heildstæð og samfelld, með hliðsjón af mögulegri framtíðarþörf og að frístundabyggð eða skógrækt (önnur en skjólbeltaræktun) sé jafnan skipulögð á afmörkuðum og samfelldum svæðum og ekki á tünnum eða besta ræktunarlandinu.

Í lagagreininni segir í framhaldi þessa að sveitarstjórn taki ákvörðun um breytingar á landnotkun á grundvelli heildstæðs mats samkvæmt skipulagsáætlun og þeirra sjónarmiða sem greinir í 1. mgr. Það felst enda ekki í frumvarpsgreininni að landbúnaðarleg sjónarmið eigi endilega að ganga framur öðrum sjónarmiðum heldur fyrst og fremst að þeirra sé gætt á tilhlýðilegan hátt og þau metin gagnvart þeim sjónarmiðum öðrum sem þýðingu geta haft hverju sinni, og þar með talið sjónarmiðum sem leitt geta af stefnumótun í skipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags, en dæmi eru tekin um slíka stefnumótun í skýringum með frumvarpi því sem varð að lögum.

Við framkvæmd greinarinnar er ljóst, svo sem jafnan er við skipulagsgerð, að sá sem beiðist breytinga á skipulagi, mun rökstyðja beiðni sína þannig að sveitarstjórn geti metið hana á málefnalegan hátt.

II.

Með 6. gr. jarðalaga, eins og hún orðast við þessar breytingar, er mælt fyrir um að **skylt verði að gæta þess að skipting lands á landbúnaðarsvæðum skuli samrýmast skipulagsáætlun.** Með þessu er fært til ákvæði úr 13. gr. laganna, sem fellur um leið úr gildi. Kom ákvæði þetta í jarðalög með lögum nr. 85/2020 en í því endurspeglast að það er viðfangsefni skipulagsáætlana að skilgreina legu, stærð og afstöðu lóða, byggt á heildstæðu mati, kynningu fyrir hagsmunaaðilum og álitsumleitun hjá viðkomandi fagstofnunum. Með þessu er leitast við að tryggja að skipulagsákvörðun liggja fyrir samhliða eða áður en beiðni um landskipti eða sameiningu jarða er afgreidd af sveitarstjórn. Með því skapast síður hætta á því að sú heildarsýn á þróun byggðar sem sett er fram í skipulagi skerðist að mun ef landeignir og lóðir hafa verið festar í sessi áður en skipulag er unnið.

Við framkvæmd þessarar greinar er ljóst að ákvæði í aðaskipulagi einstakra sveitarfélaga um skilyrði stofnunar nýrra fasteigna, geta haft verulega þýðingu.

III.

Með 6. gr. jarðalaga, eins og hún orðast við þessar breytingar, er enn fremur felld brott skylda ráðherra til að staðfesta skipti á landi sem fellur undir gildissvið jarðalaga og þess í stað **mælt fyrir um skyldu til að gæta hagsmuna landbúnaðar betur við skipti á landi.** Við beiðni um skiptingu eða sameiningu lands á landbúnaðarsvæðum er sveitarstjórn heimilt að krefjast þess að umsækjandi geri grein fyrir áhrifum hennar á búrekstrarskilyrði. Ákvörðun sveitarstjórnar um hvort fallist verði á skipti skal reist á heildstæðu mati á áhrifum þeirra samkvæmt skipulagsáætlun, svo sem segir í

greininni.

Í skýringum með greininni er rakið að skipti á landi geta varðað miklu um búrekstrarskilyrði, framtíð búsetu og búsetulandslag. Með kröfu um að gerð verði grein fyrir áhrifum skipta á búrekstrarskilyrði er horft til þess að sveitarfélag hafi frekari upplýsingar í höndum til að meta, t.d. út frá áhrifum skipta á viðkomandi jörð, hvort þau geti haft í för með sér neikvæð áhrif á framleiðslugetu jarðar eða landbúnað í sveitarfélaginu í heild sem strítt geti gegn markmiðum skipulagsáætlunar. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélög móti sér nánari reglur um viðmið þess hvenær fallist verði á skiptingu lands og hafa ýmis sveitarfélög raunar þegar gert það. Er þessari grein því ætlað að styðja við þá framkvæmd en í greininni segir að ákvörðun sveitarstjórnar um hvort fallist verði á skipti skuli reist á heildstæðu mati á áhrifum þeirra samkvæmt skipulagsáætlun.

IV.

Loks er með 6. gr. jarðalaga, eins og hún orðast eftir þessar breytingar, lögð til sú bending að **við skiptingu jarða og annarra fasteigna skuli gætt ákvæða laga sem girða fyrir aðskilnað hlunninda og lands**. Er þetta sjálfsgöð regla sem er í góðu samræmi við eldri löggjafarstefnu, sbr. lög um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952.

Með þessu er einkum vísað til ákvæða sem standa í 9. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2005, 3. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, 1. mgr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 9. og 12. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum á jörðu, nr. 57/1998, og 6. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Sú er ástæða fyrir þessari tillögu að nokkuð virðist um að ekki sé gætt að ákvæðum þessara laga um bann við aðskilnaði hlunninda og lands. Á þetta hefur í nokkrum mæli reynt fyrir dómstólum vegna réttar til fiskveiði, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/1990, 552/2008, 553/2008, 471/2015 og 169/2017. Það er ekki síst mikilvægt að hugað sé að þessu nú um mundir þegar mikið er um skiptingu á landi jarða og fjölmörg dæmi eru t.d. um að landi jarða sé nær öllu skipt í margar sjálfstæðar fasteignir. Færi vel á því við slíkar aðstæður að gætt verði að því hjá sveitarstjórnnum hvort t.d. sjálfstæð hlunnindi fylgi hverri landsspildu, til nýtingar innan marka hennar, hvort þau séu óskipt milli allra spildnanna eða hluta þeirra og hvort heimild standi til slíkrar tilhögunar. Lagaákvæði um þessi málefni eru tekin saman í viðauka við frumvarp það sem hér um ræðir.


V.

Að endingu er í bréfi þessu vakin athygli á breytingum sem verða þann 1. júlí nk. á ákvæðum jarðalaga um forkaupsrétt ábúenda. Með 27. gr. laganna, eins og þau verða eftir þessa breytingu, er mælt fyrir um að slíkur **forkaupsréttur verði auk beinnar sölu einnig virkur við eigandaskipti að a.m.k. 1/3 eignarhlutdeild í lögaðila sem á jörð sem háð er forkaupsrétti**. Hið sama gildir ef breyting verður á yferráðum yfir lögaðila á annan hátt en hugtakið yferráð hefur hér sömu merkingu og í lögum um ársreikninga.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra




Elísabet Anna Jónsdóttir



Arnór Snæbjörnsson

Lilja Ólafardóttir

From: Ólafur Stephensen <olafur@atvinnurekendur.is>
Sent: þriðjudagur, 1. júní 2021 10:38
To: radhus@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; postur@seltjarnarnes.is; gardabaer@gardabaer.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; mos@mos.is; oddviti@kjos.is; reykjanesbaer@reykjanesbaer.is; grindavik@grindavik.is; skrifstofa@vogar.is; afgreidsla@sudurnesjabaer.is; akranes@akranes.is; skorradalur@skorradalur.is; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; grundarfjordur@grundarfjordur.is; helgafellssveit341@gmail.com; stykkisholmur@stykkisholmur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; Snæfellsbær; dalir@dalir.is; bolungarvik@bolungarvik.is; postur@isafjordur.is; sveitarstjori@reykholar.is; talknafjordur@talknafjordur.is; vesturbyggd@vesturbyggd.is; sudavik@sudavik.is; arneshreppur@arneshreppur.is; drangsnes@drangsnes.is; strandabyggd@strandabyggd.is; skagafjordur@skagafjordur.is; skrifstofa@hunathing.is; valdimar@blonduos.is; skagastrond@skagastrond.is; skaga.byggd@simnet.is; hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is; akrahreppur@akrahreppur.is; akureyri@akureyri.is; nordurthing@nordurthing.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; dalvik@dalvik.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; skutustadahreppur@skutustadahreppur.is; skrifstofa@tjorneshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; langanesbyggd@langanesbyggd.is; fjardabyggd@fjardabyggd.is; mulathing@mulathing.is; skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is; fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is; postur@vestmannaeyjar.is; radhus@arborg.is; afgreidsla@hornafjordur.is; myrdalshreppur@vik.is; klaustur@klaustur.is; asahreppur@asahreppur.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; ry@ry.is; hruni@fludir.is; hve@hveragerdi.is; olfus@olfus.is; gogg@gogg.is; skeidgnup@skeidgnup.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; floahreppur@floahreppur.is
Cc: eything@eything.is; fv@vestfiridir.is; bjarni@sudurland.is; ssa@ssa.is; ssh@ssh.is; ssnv@ssnv.is; sss@sss.is; ssv@ssv.is; samband@samband.is
Subject: Ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignamats 2022



Til þess sem málið varðar.

Eftirfarandi er ályktun stjórnar Félags atvinnurekenda frá því fyrr í dag. Vinsamlegast komið henni á framfæri við sveitarstjórnina.

„Stjórn Félags atvinnurekenda skorar á sveitarfélög að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár til að bregðast við miklum hækkunum fasteignamats fyrir árið 2022.

Samkvæmt nýbirtu fasteignamati er hækkun mats atvinnuhúsnæðis 6,2% á landinu öllu; um 5,4% á höfuðborgarsvæðinu en um 8% á landsbyggðinni. Að óbreyttu þýðir þetta samsvarandi skattahækkun á fyrirtækin. FA bendir á að frá því að núverandi tekjumatsaðferð var tekin upp við útreikning fasteignamats atvinnuhúsnæðis fyrir árið 2015 og til ársins 2020 hefur álagður fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði á landinu hækkað úr tæplega 17 milljörðum króna í um 28,5 milljarða. Skattbyrði fyrirtækjanna hefur á þessum skamma tíma þyngst um 11,5 milljarða eða tæplega 68%, þrátt fyrir lækkanir einstaka sveitarfélaga á skattprósentu.

Við svo búið verður ekki unað lengur. Áframhaldandi þynging á skattbyrði fyrirtækjanna vegna húsnæðis dregur mátt úr atvinnulífinu, seinkar efnahagsbatanum eftir heimsfaraldurinn og skerðir getu fyrirtækjanna til að standa undir launagreiðslum sem um var samið í lífskjarasamningunum og eru grundvöllur útsvarstekna sveitarfélaganna.

Stjórn FA telur að hér verði hvert og eitt sveitarfélag að sýna ábyrgð og gera breytingar á sinni álagningarprósentu þannig að hækkanir á fasteignasköttum skaði ekki atvinnulífið í landinu meira en orðið er. FA skorar jafnframt á sveitarfélögin að taka upp viðræður hið fyrsta við ríkisvaldið um breytingar á þessu fráleita kerfi þar sem skattgreiðslur af húsnæði eru beintengdar við þróun fasteignamats og taka þannig sjálfkrafa hækkunum, án nokkurs tillits til gengis atvinnulífsins að öðru leyti.“

Kveðja,

Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri/Secretary General

Félag atvinnurekenda
The Icelandic Federation of Trade

Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7,
103 Reykjavík,

Sími | Phone: +354 588 8910
Farsími | Mobile: +354 669 1218
olafur@atvinnurekendur.is
www.atvinnurekendur.is

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Lilja Ólafardóttir

From: Pétur Halldórsson <petur@skogur.is>
Sent: mánudagur, 10. maí 2021 15:38
Subject: Kall til sveitarfélaga um að taka Bonn-áskoruninni
Attachments: Bonn-áskorun_vefkygning_maí2021.pdf

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Meðfylgjandi er fréttatilkynning um áherslur Íslands í tengslum við Bonn-áskorunina um útbreiðslu skóga. Nú leitum við hjá Skógræktinni og Landgræðslunni til sveitarfélaga að taka áskoruninni með okkur. Við yrðum þakklát ef þessu erindi okkar væri komið rétta leið í sveitarfélagi ykkar.

Bonn-áskorunin er alþjóðlegt átak um útbreiðslu eða endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum og er skipulagt af alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN í samstarfi við fleiri aðila. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan Bonn-áskorunarinnar að auka verulega þekju birkiskóga og birkikjarrs en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins.

Með verkefnum til útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs vilja íslensk stjórnvöld taka þessari áskorun og þar með auka landgæði, efla jarðvegsauðlindina og styrkja byggð í landinu. Fjármunir renna til slíkra verkefna á komandi árum af framlögum ríkisins til loftslagsaðgerða. Landgræðslan og Skógræktin óska nú eftir þátttöku sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila vítt og breitt um landið.

Nánari upplýsingar og viðmælendur er að finna í viðhengi og ljósmyndir á eftirfarandi hlekk:

<https://photos.app.goo.gl/YMWciMVGciXnfg6Y6>

Sjá einnig frétt á vef Skógræktarinnar:

<https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/kall-til-sveitarfelaga-ad-taka-thatt-i-bonn-askoruninni>

Fyrir hönd Skógræktarinnar og Landgræðslunnar

Kveðja,



PÉTUR HALLDÓRSSON
Kynningarstjóri / Public Relations
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri
Ís-600 Akureyri, Iceland
Sími / Tel. (+354) 663 1842 — www.skogur.is



Landgræðslan



skógræktin

Kall til sveitarfélaga að taka þátt í BONN-ÁSKORUNINNI

Með verkefnum til útbreiðslu birkiskóga og birkikjarrs vilja íslensk stjórnvöld taka svokallaðri Bonn-áskorun og þar með auka landgæði, efla jarðvegsauðlindina og styrkja byggð í landinu. Óskað er eftir þátttöku sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila vítt og breitt um landið. Fjármunir renna til slíkra verkefna á komandi árum af framlögum ríkisins til loftslagsaðgerða.

Bonn-áskorunin er alþjóðlegt átak um útbreiðslu eða endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum og er skipulagt af alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN í samstarfi við fleiri aðila. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan Bonn-áskorunarinnar að auka verulega þekju birki-skóga og birkikjarrs en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins.

Tækifæri fyrir landeigendur

Markmiðið byggist á því að skilgreina í skipulagi ákveðið flatarmál lands, þar sem stefnt er að því að breiða út birkiskóga samhliða fjölbreyttri landnýtingu s.s. akuryrkju, ferðaþjónustu, nytjaskógrækt, loftslagsverkefnum af ýmsum toga sem og búfjárrækt. Fyrirmynd slíkra verkefna er t.a.m. Hekluskógaverkefnið þar sem auk endurheimtar birkiskóga fer fram fjölbreytt landnotkun og starfsemi. Verkefnið veitir landeigendum innan skilgreinds Bonn-svæðis aukin tækifæri til þátttöku í að breiða út skóga á ný, sér í lagi á svæðum þar sem gróður- og jarðvegseyðing hefur átt sér stað.

Hagræn áhrif fyrir byggðir landsins

Unnið er út frá því að svæði í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga geti myndað n.k. kjarna hvers svæðis og þar er unnt að hefja aðgerðir strax. Lögð er rík áhersla á að verkefni séu unnin í samstarfi allra hagsmunaaðila og stuðli að bættu ástandi lands, að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og hafi hagræn áhrif á viðkomandi svæðum.

Nú þegar eru verkefni á svæðum í umsjá ríkisstofnana fjármögnuð af ríkinu en auknar fjárveitingar eru til loftslagsmála á næstu árum sem meðal annars yrði varið til þessa verkefnis. Lögð er áhersla á að verkefni stuðli að atvinnu í heimabyggð. Áhugi fyrirtækja á fjármögnun verkefna sem hafa loftslagsávinning í för með sér hefur aukist mikið á síðustu árum og mörg sveitarfélög vinna að markmiðum um loftslagsmál, s.s. að kolefnisjöfnun. Þetta verkefni styður slík verkefni.

Sveitarfélögin hafa áhrif

Þegar Ísland tilkynnir um markmið sín innan Bonn-áskorunarinnar verður það gert á grundvelli samkomulags við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra samstarfsaðila. Því er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þátttöku í verkefninu, tillögum að svæðum umfram þau sem eru í umsjá ríkisstofnana og hvort og með hvaða hætti slík skilgreining gæti orðið hluti af skipulagi sveitarfélagsins.

Áformað er að Ísland geti kynnt markmið sín fyrri hluta sumarsins 2021. Markmið er að fá sem flest sveitarfélög til að taka þátt í verkefninu og væri æskilegt að afstaða sveitarfélagsins lægi fyrir í síðasta lagi 31. maí nk.

Nánari upplýsingar og kynning á verkefninu

- Hreinn Óskarsson Skógræktinni hreinn@skogur.is s. 899 1971
- Gústav M. Ásbjörnsson Landgræðslunni gustav@land.is s. 863 0127

11. maí 2021



Opið bréf til sveitarfélaga um framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum.
Berist til sveitarstjórnar.

Samtök grænkera á Íslandi sendu í desember síðastliðnum áskorun til sveitarfélaga landsins varðandi framboð á grænkerafæði í leik- og grunnskólum. Undirtektir við henni voru dræmar og er það miður.

Fjöldi grænkera á Íslandi fer sívaxandi, einkum á meðal fólks á barneignaaldri. Það má því ætla að sá hópur barna sem elst upp á grænkerafæði heima við fari hratt stækkandi. Þrátt fyrir þetta er enn erfitt fyrir mörg börn að fá grænkerafæði í leik- og grunnskólum landsins. Margir skólar fara til að mynda fram á læknisvottorð um að börnin þoli ekki dýraafurðir. Sumir foreldrar bregða á það ráð að fá vistun fyrir börn sín fjarri heimili sínu til þess að þau geti fengið grænkerafæði í skólanum. Aðrir foreldrar nesta börn sín alla daga og kallar það á gríðarlegt aukaálag af hálfu foreldra.

Aukin eftirspurn eftir grænkerafæði kemur vel fram í tölum Skólamatar ehf. sem þjónustar marga leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum (1). Fyrirtækið hefur frá árinu 2017 boðið upp á grænkerarétt samhliða kjötrétti. Til að byrja með voru grænkeraréttir um 5% af heildarmat sem það sendi frá sér en hlutfallið var komið upp í 14% í byrjun árs 2021.

Embætti landlæknis gaf nýverið út handbók fyrir grunnskólamötuneyti (2). Handbókin er ætluð þeim sem útbúa mat fyrir nemendur í grunnskólum eða hafa áhrif á hvaða matur er þar í boði. Þar kemur eftirfarandi fram: „Ef eingöngu er um grænkerafæði (e. vegan) að ræða þýðir það að allar vörur úr dýraríkinu eru útilokaðar, það er að segja kjöt, fiskur, skeldýr, fuglakjöt, egg, mjólk og mjólkurvörur. Skólinn ætti að koma til móts við þarfir barnanna þannig að þau geti fylgt sömu áherslum í sínu fæði og heima eins og kostur er.“

Samtök grænkera á Íslandi telja ólíðandi með öllu að einungis lítill hluti barna á Íslandi hafi val um grænkerarétt í skólum sínum. Við köllum eftir því að frá og með hausti 2021 verði hægt að velja um grænkerarétt fyrir þau sem það kjósa í öllum leik- og grunnskólum landsins.

F.h. Samtaka grænkera á Íslandi,

Björk Gunnarsdóttir og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Heimildir:

1. Lovísa Arnardóttir. (2021, 9. janúar). Einn af sjö nemendum velur vegan skólamat. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/einn-af-sjo-nemendum-velur-vegan-skolamat/>
2. Embætti landlæknis. (2020). *Handbók fyrir grunnskólamötuneyti (5. útgáfa)* [bæklingur]. Reykjavík: Höfundur.



Reykjavík 12. maí. 2021

Efni: Aukin stuðningur við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á viðkvæma hópa í samfélaginu, einkum fatlaða einstaklinga sem margir hafa þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun.

Einn af aðgerðapökkum stjórnvalda felur í sér aukinn stuðningur við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk í sumar með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar COVID-19. Samþykkt hefur verið að veita 60 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu. Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra verkefna í dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021.

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til þess að nýta sér þetta tækifæri og styðja enn betur við þennan viðkvæma hóp á þessum erfiðu tímum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu senda inn umsókn fyrir 28. maí nk. kl. 16:00, í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- Verkefnisáætlun
- Tímalína
- Fjárhagsáætlun
- Samstarfsaðilar

Uppfylli verkefnið markmiðið um dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19 fær sveitarfélagið eingreiðslu í byrjun júlí.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. október 2021, á netfangið frn@frn.is undir heitinu **Skýrsla um dagþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2021 vegna COVID-19 frá „nafn styrkþega“**.